

Stjórnarfundur nr. 15
14. apríl 2010 kl.17:30 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Friðrik Lunddal, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Margrét Kjartansdóttir og Valgerður Júlíusdóttir.

1. Aðalfundur HRFÍ miðvikdaginn 26. maí n.k. á Grand hótél, salnum Gullteig

Í framboði í stjórnarkjöri:

A-2347

Guðríður Valgeirsdóttir meðstjórnandi (aðalstjórn)
Stefanía Sigurðardóttir- meðstjórnandi (aðalstjórn)
Súsanna Antonsdóttir - varamaður
Unnar Már Magnússon – meðstjórnandi (aðalstjórn)
Valgerður Júlíusdóttir meðstjórnandi (aðalstjórn)

Frambjóðendum hefur verið gefinn kostur á að skila inn kynningu/ferilskrá ásamt mynd fyrir 19. apríl til kynningar á vefsíðu HRFÍ

2. Bréf frá vorstehdeild vegna allhliðaveiðiprófa A-2348/A-2348a

Tillaga um að Vorstehdeild og FHD skiptast á að halda allhliðaveiðipróf annað hvert ár. Tillaga að FHD byrji á að halda prófið árið 2010 og Vorstehdeild þá árið 2011.

Sammála að það sé góð tillaga að láta vorstehdeild og FHD halda allhliðaveiðipróf annað hvert ár. Stjórn samþykkir tillögu vorstehdeildar.

Stjórn óskar eftir upplýsingum frá Ferdinand Hansen um hans réttindi til að dæma á allhliðaveiðiprófum.

3. Bréf frá vorstehdeild um ósk að breytingu á nafni FHD A-2349

Það eru til fleiri safndeildir innan félagsins eins og fjár-og hjarðhundadeild án shäfer og íslensks fjárhunds sem er spítzhundur en þó ekki í spítzhundadeild, smáhundadeild án nokkra smáhunda osfrv. Stjórn telur að breyting á nafni fuglahundadeildar hefði átt að koma fram þegar deildin var stofnuð.

A-2349a

4. Áætlaðar tekjur og kostnaður vegna veiðiprófa Vorstehdeildar 2010 – Endurskoðað

Stjórn óskaði eftir að stjórn vorstehdeildar endurskoðaði áætlun fyrir próf dagsett 16.-18. apríl. **Samþykkt**

A-2350/A-2350a

5. Erindi frá stjórn schnauzerdeildar sent með tölvupósti 24. mars sl. – Lámarksaldur við pörun A-2351/A-2351a

Stjórn schnauzerdeildar óskar eftir undanþágu frá grundvallarreglum HRFÍ við pörun hjá dvergschnauzer tíkum í samræmi við reglur hjá öðrum dvergschnauzer klúbbum í Evrópu, sem ef einhverjar reglur hafa miða allir við 18 mánaða pörunaraldur á tíkum.

Ósk okkar er sú að lágmarksaldur við pörun á dvergschnauzer tíkum á Íslandi verði 20 mánaða.

Samþykkt

6. Erindi frá stjórn schnauzerdeildar – ósk um deildarsýningu 30.ágúst A-2352/ A-2351a

Stjórn Schnauzerdeildar óskar eftir samþykki stjórnar HRFÍ að halda deildarsýningu mánudaginn 30. ágúst 2010 í framhaldi af CACIB sýningu félagsins. En bakvið eina sýningu á schnauzer liggur talsverð feldvinna og við teljum að tvær sýningar á sama tíma ýti frekar undir að fólk leggi vinnu og peninga í snyrtingu og skrái því frekar en ella á sýningu félagsins og notfæri sér að geta sýnt á þeim báðum. Sýningin yrði haldin í húsnæði Garðheima seinnipart dags á mánudegi, þannig að enginn teppi þarf frá félaginu og dómari yrði hinn sérfróði schnauzerdómariinn og fyrrum ræktandi Bo Skalin sem mun jafnframt dæma á sýningu félagsins helgina áður og mun deildin þá fara frammá það við sýningastjórn að Bo verði ekki settur á tegundina á sýningu félagsins.

Kostnaði verður haldið í algjöru lágmarki og búið er að útvega styrktaraðila, sjá meðfylgjandi kostnaðaráætlun og reikna má með talsverðum rekstrarafgangi.

Bo Skalin hefur staðfest við okkur að hann geti verið degi lengur ef leyfi fæst fyrir sýningunni, en hann dró okkur aðeins með að gefa svar og þar af leiðandi gafst stjórn ekki kostur á að sækja um leyfi til

stjórnar HRFÍ fyrir en núna og af þeim sökum óskum við eftir því að stjórn veiti undanþágu frá ákvæði um umsóknartíma fyrir deildarsýningu.

Með von um jákvæð viðbrögð.

Stjórn Schnauzerdeildar HRFÍ

Erindið kemur of seint og þar sem Bo Skalin er sérfræðingur á schnauzer hunda mun hann dæma tegundina á CACIB sýningu félagsins helgina 28.-29.ágúst.

7. Aðalfundir deilda standa enn yfir

Mjóhundadeild, laugardaginn 6. febrúar

Tíbet spaníelddeild, miðvikudaginn 10. febrúar

Spítzhundadeild, föstudaginn 26. febrúar

Pinsher, mastiff og fjallahundadeild, þriðjudaginn 2. mars

Papillon-og phalendeild, mánudaginn 8. mars

Retrierverdeild, miðvikudagur 10. mars, ársskýrslu skilað 15.mars

Schnauzerdeild, fimmtudaginn 11. mars, ársskýrslu skilað 23.mars

Vinnuhundadeild, laugardaginn 13. mars

Shih tzudeild, miðvikudaginn 17. mars

Schäferdeild, fimmtudaginn 18. mars

Cavalierdeild, þriðjudaginn 23. mars, hafa skilað ársskýrslu

Vorsthedeild, miðvikudaginn 24. mars, hafa skilað ársskýrslu, *fundi frestað*

Dífl, fimmtudaginn 25. mars

Terrierdeild, laugardaginn 27. mars

Chihuahua deild, mánudaginn 29. mars

Smáhundadeild, miðvikudaginn 30. mars

Fjár-og hjarðhundadeild, miðvikudaginn 31. mars

Ensk cocker spanieldeild, þriðjudaginn 6. apríl

Svæðafélag Norðurlands, miðvikudaginn 14. apríl

Grefil- og sporhundadeild, áætlað að hafa 21. eða 28. apríl

Íþróttadeild, mánudaginn 19. apríl

Spanieldeild, þriðjudaginn 27. apríl – Björn Ólafsson/Jóna

Unglingadeild, 21. eða 22. apríl

Eftirfarandi deildir eiga enn eftir að halda aðalfund:

Írsk setterdeild, fyrirhugað 22.apríl eða byrjun júní

Fuglahundadeild

Boxerdeild

8. Skýrsla frá stjórn deilda

- Skýrsla frá stjórn retrieverdeildar- ársskýrsla
- Skýrsla frá stjórn cavalierdeildar - ársskýrsla
- Skýrsla frá stjórn schnauzerdeildar - ársskýrsla
- Skýrsla frá stjórn vorsthedeildar – ársskýrsla
- Skýrsla frá stjórn shih tzu - ársskýrsla

9. Skýrsla fulltrúa HRFÍ fyrir veiðipróf 501002

A-2353

10. Bréf frá spanieldeild – rökstuðningur fyrir breytingu á gildistíma augnskoðunar á am.cocker spaniel

Til stjórnar

Hérna eru rök fyrir lengingu augnskoðana í Amerískum cocker spaniel, t.d á síðastu augnskoðunum þá hafa verið 8 mánuðir á milli augnskoðana og teljum við ekki boðlegt að ræktendur þurfi að augnskoða hund í hverri augnskoðun til að hafa hundinn alltaf augnskoðaðann. Árið 2009 voru augnskoðaðir 70 amerískir cocker spaniel hundar og af þeim greindist enginn hundur með arfgengan augnsjúkdóm sem ekki má rækta undan. Töluvert hefur verið um inngróin augnhár en ekki eru til neinar reglur sem banna ræktun á hundum með inngróin augnhár og örari augnskoðanir koma ekki í veg fyrir að ræktað sé undan þeim

hundum og teljum við því ekkert til fyrirstöðu að ekki sé hægt að lengja gildistíma augnvottorða.

Svar:

Árið 2009 voru alls skoðaðir 69 am. cocker spaniel hundar, niðurstaðan var eftirfarandi:

1 greindist með PHTVL/PHPV og mælt með að nota hreinan hund á móti í ræktun
44 greindust með tvísett/inngróin augnhár og mælti dýraæknir með að rækta þá hunda aðeins með hreinum einstaklingum.

2 greindust með Retinal dysplasi og mælt með að rækta hundan hreinum hundi

2 greindust með catarakt sem var ekki arfgengt

1 greindist með coloboma og fór í ræktunarbann

2 greindust með Multifocal retinal dysplasi og mælt með að rækta á móti hreinum einstaklingi

Alls voru 78 hvolpar ættbókafærðir í 19 gotum.

Árið 2008 voru alls skoðaðir 59 am. cocker spaniel hundar, niðurstaðan var eftirfarandi:

3 greindust með catarakt ekki arfg.

36 greindust með tvísett/inngróin augnhár og mælt með að rækta á móti hreinum einstaklingi

1 greindist með arfgengt catarakt og fór í ræktunarbann

2 greindust með retinal dysplasi og mælt með að rækta á móti hreinum einstaklingi

2 greindust með coneal dystropi, mælt með að rækta á móti hreinum einstaklingi

1 greindist með multifocal retinal dysplasi, mælt með að rækta á móti hreinum.

Alls voru 103 ættbókafærðir hvolpar úr 24 gotum.

Regluleg augnskoðun er mikilvæg leið til að kanna heilbrigðisástand hundanna með tilliti til þessara sjúkdóma. Hún er jafnframt leið til að sporna við undaneldi frá þeim hundum sem greinast með einkenni arfgengra augnsjúkdóma og hefta frekari útbreiðslu þeirra gena sem framkalla þá.

Tvísett augnhár (Distichiasis)

Þegar talað er um tvísett augnhár er átt við augnhár sem vaxa innávið að hornhimnu augans í stað útávið eins og eðlilegt er. Auka augnhár ganga út úr kantinum á augnlokinu inn að hornhimnunni og snerta hana. Aukaugnhárin geta verið mjög stíf (eru það þó ekki alltaf) og valda þá auðvitað ertingu á hornhimnunni, jafnvel sárum og tárarensli. Mögulegt er að fjarlægja rangstæðu augnhárin þurfi þess með. Tvísett augnhár eru álitin vera arfgengur kvilli.

Visnun í hornhimnu (Cornea Dystrophy)

Misstórir blettir geta myndast við truflun á ensímframleiðslu fruma í hornhimnunni. Kvillinn er sársaukalaus og venjulegast sjálfhættur, en er hins vegar álitinn arfgengur.

Sjónumisvöxtur (Retinal Dysplasia/RD)

Sjónumisvöxtur er meðfæddur og arfgengur sjúkdómur. Til eru tvö afbrigði hans þar sem annars vegar myndast felling/fellingar á sjónunni sem þá losnar frá undirlaginu (multifocal) eða þá að sjónan losnar á samfelldara svæði (geografic).

Sjónumisvöxtur finnst í mörgum hundategundum er ólæknanlegur og getur valdið algjörrri blindu losni sjónan alveg.

Miðað við ofangreindar niðurstöður leggur stjórn HRFÍ til að stjórn spanieldeilar endurskoði beiðni sína og hvort ekki sé ástæða til að setja frekari heilsufarskröfur.

11. Beiðni frá spanieldeild um stofnun sérdeildar, tölvupóstur dagsettur 6. apríl A-2354

Um stofnun ræktunardeilda segir m.a.:

“Að auki skulu eftirfarandi atriði höfð til hliðsjónar og koma fram í umsókninni sem senda skal stjórn HRFÍ og vísindanefnd:

1. Við stofnun deildar þarf að hafa 12 „óskyld“ ræktunarhæf og sýnda hunda til að byggja stofninn á. Tiltaka skal hvaða 12 hundar eru taldir uppfylla þessi skilyrði um hæf ræktunardýr og hvaða dóma hundarnir hafa fengið.
2. Upplýsingar um hvaða einstaklingar munu sitja í stjórn deildarinnar fyrsta kjörtímabilið.
3. Kynning á þeim einstaklingum og hvaða námskeið þeir hafa sótt, þar með talið ræktunarnámskeið o.s.frv. Þessir aðilar skulu hafa kynnt sér tegundina vel og þá sjúkdóma sem herjað getað á tegundina. Kostur er að þessir einstaklingar skulu einnig hafa haft einhver afskipti af ræktun hunda.
4. Greina skal frá því starfi sem hópurinn hefur staðið að.”

Umsókn spanieldeilda um stofnun sérdeildar fyrir am. cocker spaniel er ófullkomin samkvæmt ofangreindu Stjórn HRFÍ hvetur stjórn spanieldeildarinnar að halda kynningarfund með félagsmönnum deildarinnar varðandi stofnun am. cockerdeilda og senda inn fullunna umsókn samkvæmt ofnagreindu.

Svarbréf A-2354a

12. Bréf frá vísindaráði 15. mars sl. –stofnun tveggja deilda

Vísindaráð hefur samþykkt stofnun tveggja deilda, st. Bernharðsdeildar og yorkshire terrierdeild.

13. Retrieverdeild – þrjú erindi

- 1) Frá ársfundi Retrieverdeildar – áskoranir til stjórnar HRFÍ
- 2) Umsókn um dómaraánám
- 3) Dómararéttindi

Efni: Ársfundur Retrieverdeildar

A-2355

Reykjavík, 29. mars 2010.

Á ársfundi deildarinnar urðu nokkrar umræður um ýmis mál er snerta almenna félagsmenn og var stjórn Retrieverdeildar hvött til að skora á stjórn HRFÍ að beita sér í eftirfarandi málum:

1) Leita allra leiða til þess að lækka greiningar- og umsýslukostnað vegna HD/ED mynda og hraða afgreiðsluferli mynda eins og kostur er. Þar var bent á að hægt væri að senda myndir rafrænt í álestur í stað þess að senda disk og að niðurstöður mætti nálgast miklu fyrr á gagnagrunni norska hundaræktarfélagins.

Rætt á fulltrúaráðsfundi.

2) Talsverð brögð hafi verið á að afgreiðsla ættbóka hafi tafist vikum saman þrátt fyrir að öll gögn liggi fyrir. Þetta kemur sér oft illa fyrir ræktendur. Bæta þarf verkferla.

Sammála og stendur til bóta.

3) Augnskoðun sem auglýst var í tengslum við sýningu í lok febrúar féll niður. Næsta augnskoðun er auglýst í tengslum við sýningu í byrjun júní “ef næg þátttaka fæst”. Það er mjög mikilvægt að boðið sé uppá a.m.k. tvær augnskoðanir á ári. Reglur Retrieverdeildar um ættbókarskráningu kveða á um að augnskoðunartorð megi ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. Nú er svo komið að helmingur labrador rakka á lista ræktunarstjórnar (9 af 18) og 1 af 7 Golden rökkum falla af lista 9.-11. apríl næstkomandi með útrunna augnskoðun. Því má undir engum kringumstæðum hætta við auglýsta augnskoðun í byrjun júní.

Hundaræktarfélagið tryggir að það verði augnskoðun í júní.

Efni: Umsókn um dómaraánám

A-2356

Reykjavík, 29. mars 2010.

Sigurmon Marvin Hreinsson (kt. 180755-3149) hefur óskað eftir að fá að hefja dómaraánám fyrir B-veiðipróf (sjá meðfylgjandi bréf) og eru dómaraánám (sjá meðfylgjandi bréf) og stjórn

Retrieverdeildar því meðmælt. Sigurmon er mikilvirkur ræktandi labradorhunda, hefur mjög mikla reynslu sem bæði þátttakandi í B-veiðiprófum og prófstjóri, auk þess að vera mjög fær veiðipjálfari retrieverhunda. Hann hefur því allt til að bera sem þarf til að gera góðan retrieverdómara.

Það er mjög brýnt að fjölga dómurum fyrir retrieverhunda, en í dag höfum við fjóra með réttindi og einn sem nýlega hefur lokið námi. Það hefur sýnt sig vera erfitt að manna alla viðburði með dómaramenntuðum aðilum, einkum stöðu fulltrúa HRFÍ. Retrieverdeild óskar eftir því við stjórn HRFÍ að Sigurmon M. Hreinsson fái að hefja dómaramán sem fyrst.

Samþykkt og Sigurmon hvattur til að hefja nám sitt sem fyrst.

Efni: Umsókn um dómaraaréttindi

A-2357

Reykjavík, 29. mars 2010.

Dagur Jónsson (kt. 111061-5729) hefur nýlega lokið skriflegu prófi í kunnáttu sinni til að dæma B-veiðipróf, en hann hefur gengið með dómurum undanfarin tvö ár. Stjórn Retrieverdeildar óskar eftir að Degi verði veitt dómaraaréttindi til B-veiðiprófs fyrir retrieverhunda. Meðfylgjandi er tilkynning dómaraáráðs um að Dagur hafi lokið dómaramáni sínu með sóma.

Samþykkt, skrifstofa HRFÍ mun senda Degi viðurkenningarskjal og dómarskírteini hans verður no. 201001.

svarbréf A-2357a

14. Erindi frá schäferdeild – breyting á heilsufarskröfum

A-2358/A-2358a

Til stjórnar HRFÍ

Stjórn Schäferdeildarinnar óskar eftir breytingum á reglugerð um skráningu í ættbók.

Breytingarnar eiga að taka gildi 1. júní 2010.

Stjórnin óskar eftir að eftirfarandi breyting verði gerð:

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Greinist hundur með mjaðma- og/eða olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. (Gildir frá 01.09.2010).

Samþykkt en taka í gildi 01.09.2010 og stjórn deildarinnar þarf að kynna breytingarnar vel og auglýsa á vefsíðu deildarinnar.

Sérreglur fyrir schäferhunda verða þá eftirfarandi:

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Fyrir mjaðmamyndir gildir frá 01.11.1999 og olnbogamyndir frá 01.09. 2010).

Greinist hundur með mjaðma- og/eða olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. (Gildir frá 01.09.2010)

15. Aflestur HD/AD

Skrifstofan hefur leitað til allra NKU landanna til að reyna að kanna hvort félagsmenn okkar geti valið um að senda til þeirra án milligöngu HRFÍ. Það hefur ekki gengið upp en Finnarnir vilja ræða þessi mál á næsta NKU fundi. OFA er eina landið sem HRFÍ þarf ekki að vera milliliður. Búið er að samþykkja að félagsmenn okkar geti sent myndir til OFA í USA til aflestar en hundarnir þurfa að vera orðnir tveggja ára gamlir þegar myndirnar eru teknar. Málið var kynnt á síðasta fulltrúaráðsfundi.

16. Fyrirhugað ræktunarnámskeið í maí - Einstakt tækifæri

Dómarnir Liz-Beth Liljeqvist og Ann-Chatrin Edoff hafa áhuga á að bjóða félagsmönnum HRFÍ upp á ræktunarnámskeið helgina 15.-16. maí, kl. 9:00- 17:00 báða dagana. Ann-Chatrin sér um skapgerð og skapgerðarmat hunda en Liz-Beth það sem snýr að byggingu og heildarútliti hunda.

Áhersla verður lögð á 5 hundategundir sem verður ákveðið þegar skráningu lýkur.

Lágmarkspáttaka er 30 manns. Námskeiðsgjald er kr. 9.500

Skráningafrestur er til 16.apríl.

Nú eru alls skráðir 30, enn hafa ekki allir greitt.

17. Fyrirhuguð augnskoðun 5.og 6. júní í tengslum við júní sýningu.

Dýralæknarnir Finn Bøserup og Jens Knudsen frá Danmörku augnskoða hunda í Reiðhöllinni í Víðidal dagana 5. og 6. júní, í tengslum við sumarsýningu félagsins, ef næg þátttaka verður. Virkir félagsmenn geta látið skoða hundana eftir að þeir hafa verið sýndir. Alls eru nú skráðir 42 hundar. Ef fáir hundar verða skráðir kemur aðeins annar dýralæknirinn.

18. Hundasýning HRFÍ 5. - 6.júní 2010

Hundasýning Hundaræktarfélags Íslands fer fram helgina 5. - 6.júní 2010 í Reiðhöll Fáks í Dómarar: Annukka Paloheimo (Finnland), Georgious Kostopoulos (Grikkland), Jeff Horswell (Bretland), Paul Stanton (Svíþjóð), Torbjorn Skaar (Svíþjóð). Víðidal í Reykjavík.

Skráningafresti lýkur föstudaginn 7. maí 2010.

Það stóð til að hefja skráningu með nýju tölvukerfi en það verður aðeins gert að hluta til. Nýr forritari Axel V. Gunnlaugsson ásamt Þorsteini Þorbergssyni eru að tengja saman tölvukerfi félagsins.

19. Bronspróf á Akureyri 27. mars –úrslit

5 náðu bronsmerki og 1 féll. Úrslit voru eftirfarandi:

1. Múla Týr, siberian husky, eig. Pétur Skarphéðinsson, stig alls 144
2. Kraki, flat-coated retriever, Sigfús Hreiðarsson/Fanney Harðardóttir, stig alls 143,5
3. Bláklukku Bjartur Tómas, schnauzer, pipar&salt, Gunnhildur Jakobsdóttir, stig alls 135
4. Bláklukku Drápa Perla, Schnauzer, pipar&salt, Helga Ragnarsdóttir, stig alls 127
5. Mjóafjarðar Freyja Emma, labrador retriever, Sævar Berg Hannesson/Tinna Sigurgeirsdóttir, stig alls 122
6. Dexter, Labrador blendingur, Elín Þorsteinsdóttir, stig alls 110,5

20. Önnur mál

- **Fulltrúaráðsfundur – stefna að á miðvikudaginn 5. maí kl. 20:00**

- **Samráðsþing MAST 2010**

A-2359/ A-2359a

Matvælastofnun býður fulltrúum frá ykkar samtökum á fyrsta samráðsþing stofnunarinnar fimmtudaginn 29. apríl 2010. Óskað er eftir að þið tilnefnið 2-4 fulltrúa frá ykkar samtökum og/eða úr röðum ykkar félagsmanna og tilkynnið þátttöku þeirra með nafni, netfangi og fyrirtæki fyrir 20. apríl n.k. á netfangið mast@mast.is. Þátttakendur eru vinsamlega beðnir um að tilgreina hvaða umræðuhóp þeir vilja taka þátt í. Markmiðið er að ná til aðila á sem flestum sviðum og væri æskilegt að þátttakendur komi frá mismunandi fagsviðum innan geirans.

Eftirtaldir hafa áhuga á að fara:

Björn Ólafsson – H1

Valgerður Júlíusdóttir – H4

Jóna Th. Viðarsdóttir – H4

Margrét Kjartansdóttir – H1

Næsti stjórnarfundur miðvikudaginn 28. apríl kl.19:00